

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Fljótalax hf., Reykjarhóli, Fljótum, til framleiðslu sjógönguseiða.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu allt að 1.000.000 sjógönguseiða (40—60 gramma), eða allt að 40—60 tonna ársframleiðslu seiða. Ennfremur aðstöðu til hafbeitar.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Stöðinni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði stöðvarinnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Stöðinni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.4. Um umgengnisreglur, sóttþreinsun og meðferð sýktra og sjálfdauðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum. Slátrun á hafbeitarfiski skal fara skv. X. kafla sömu reglugerðar.
- 1.5. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.6. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, heilbrigðis eða tilveru náttúrulegra fiskstofna eða vegna röskunar á lífríki.
- 1.7. Afrit af lögbundinni árlegri skýrslu forráðenda eldisstöðva til veiðimálastjóra skal sent til Hollustuverndar ríkisins. Í henni skal koma fram: framleiðslumagn, fóðurnotkun og fóðurgerð, meðalvatnsnotkun, magn og gerð hreinsiefna, sóttþreinsiefna og lyfja sem notað var á árinu.

2. Ákvæði vegna hafbeitar.

- 2.1. Að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna móttöku á endurheimtum laxi er heimilt að nýta frárennsli ofan stórstraumsfjöru og hleypa því í þar til gerða móttöku, enda er hún innan athafnasvæðis stöðvarinnar. Þetta ákvæði veitir undanþágu frá 61. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972.
- 2.2. Stöðinni er skylt að sjá um að frágangur og gerð móttökunnar og frárennslisins sé þannig að ekki sjáist:
 - a) Set eða útfellingar
 - b) Þekjur af rotverumEnnfremur að ekki berist með frárennslinu í opna móttöku: sorp eða aðrir aðskota-hlutir eða efni, sem valda óþægilegri lykt, lit, gruggi eða geta valdið smithættu. Óheimilt er að leiða annað frárennsli en það sem kemur frá eldiskerjum þessa leið.
- 2.3. Stöðinni er skylt að sjá um að fjarlægð frá enda frárennslisleiðslna frá fiskeldiskerjum sé sem næst móttökunni þannig að komið verði í veg fyrir opnar rásir.

3. Varnir gegn mengun umhverfis.

- 3.1. Til að draga úr hugsanlegri smithættu sjúkdóma og vegna hættu á erfðablöndun milli náttúrulegra stofna og eldisstofna skal þannig gengið frá frárennsli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður og að sjálfdauður fiskur berist ekki með frárennslinu.
- 3.2. Skólþ frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í rotþró og þaðan niður fyrir stórstraumsfjörumörk.

- 3.3. Ef stöðin kemur upp aðstöðu til slátrunar og aðgerðar á hafbeitarfiski ber stöðinni að fara með úrgang og frárennsli frá þeirri aðstöðu samkvæmt reglugerð nr. 403/1986 um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.

4. Eftirlit og gjaldtaka.

- 4.1. Stöðin skal greiða árlega eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá nr. 355/1986, með síðari breytingum, eins og hún er á hverjum tíma. Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talið starfsleyfisvinnslu.
- 4.2. Eftirlit er með tvennum hætti:
Beint eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins. Eftirlit sjálfs fyrirtækisins, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur (sbr. lið 1.7.)
- 4.3. Fyrirtækið flokkast í 3. flokk sbr. gjaldskrá nr. 355/1986, með síðari breytingum.

5. Gildistaka.

- 5.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, sem starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júní 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 277/1977 fyrir Þroskaþjálfaskóla Íslands.

1. gr.

11. gr. orðist svo:

Námstími skal vera 3 ár. Heimilt er að ljúka námi á fimm árum.

2. gr.

Ný 13. gr. orðist svo og aðrar greinar færast til sem því nemur:

Skólanum er heimilt að standa fyrir menntun ófaglærðra starfsmanna á stofnunum fyrir fatlaða að höfðu samráði við ráðuneytið. Nánari fyrirmæli um námsefnið skulu vera í kennsluskrá.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. gr. laga nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.